

REGLUGERÐ

um hrognkelsaveiðar.

I. KAFLI

Leyfi til veiða.

1. gr.

Almennt.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu skv. 2. gr. Þá er bátum sem hafa leyfi til veiða með krókaflamarki óheimilt að stunda veiðar með rauðmaganetum nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

2. gr.

Grásleppuveiðileyft.

Fiskistofu er heimilt að veita þeim bátum leyfi til grásleppuveiða, sem rétt áttu til slíkra leyfa á vertíðinni 1997, sbr. reglugerð nr. 58/1996, eða leiða rétt sinn frá þeim bátum, enda hafi þeir leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 116/2006, um stjórni fiskveiða.

Umsækjandi um leyfi skal í umsókn greina hvenær hann muni hefja grásleppuveiðar með lagningu neta. Hver bátur getur einungis haft eitt grásleppuveiðileyfi á hverri grásleppuvertíð.

Heimilt er að binda leyfi þeim skilyrðum sem þurfa þykir, m.a. varðandi skýrsluskil um veiðarnar.

3. gr.

Veidisvæði og veiðitímabil.

Grásleppuveiðileyfí hvers báts skal gefið út til 20 samfelldra daga og skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitímabil sem eru:

- A. Faxaflói, frá línu réttvisandi vestur frá Garðskagavita $64^{\circ}04,90$ N $022^{\circ}41,40$ V að línu réttvisandi vestur frá Dritvíkurtanga (-flögum) $64^{\circ}45,00$ N $023^{\circ}55,30$ V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 1. apríl til og með 14. júní.
- B. Breiðafjörður, svæði 1 frá línu réttvisandi vestur frá Dritvíkurtanga (-flögum) $64^{\circ}45,00$ N $023^{\circ}55,30$ V að línu réttvisandi vestur frá Bjartöngum $65^{\circ}30,20$ N $024^{\circ}32,10$ V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 1. apríl til og með 14. júní.
Breiðafjörður, svæði 2 innan línu sem dregin er úr Krossnesvita vestan Grundarfjarðar $64^{\circ}58,30$ N $023^{\circ}21,40$ V í Lambanes vestan Vatnsfjarðar $65^{\circ}29,30$ N $023^{\circ}12,60$ V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 20. maí til og með 2. ágúst.
- C. Vestfirðir, frá línu réttvisandi vestur frá Bjartöngum $65^{\circ}30,20$ N $024^{\circ}32,10$ V að línu réttvisandi norður frá Horni (grunnpunktur 1) $66^{\circ}27,40$ N $022^{\circ}24,30$ V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 1. apríl til og með 14. júní.
- D. Húnaflói, frá línu réttvisandi norður frá Horni (grunnpunktur 1) $66^{\circ}27,40$ N $022^{\circ}24,30$ V að línu réttvisandi norður frá Skagatá $66^{\circ}07,20$ N $020^{\circ}05,90$ V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 20. mars til og með 2. júní.
- E. Norðurland, frá línu réttvisandi norður frá Skagatá $66^{\circ}07,20$ N $020^{\circ}05,90$ V að línu réttvisandi austur frá Fonti á Langanesi (grunnpunktur 9) $66^{\circ}22,70$ N $014^{\circ}31,90$ V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 20. mars til og með 2. júní.
- F. Austurland, frá línu réttvisandi austur frá Fonti á Langanesi (grunnpunktur 9) $66^{\circ}22,70$ N $014^{\circ}31,90$ V að línu réttvisandi austur frá Hvítungum (grunnpunktur 18) $64^{\circ}23,90$ N $014^{\circ}28,00$ V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 20. mars til og með 2. júní.
- G. Suðurland, frá línu réttvisandi austur frá Hvítungum (grunnpunktur 18) $64^{\circ}23,90$ N $014^{\circ}28,00$ V að línu réttvisandi vestur frá Garðskagavita $64^{\circ}04,90$ N $022^{\circ}41,40$ V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 20. mars til og með 2. júní.

4. gr.

Breyting á bátum.

Sé báti, sem réttur til grásleppuveiða skv. 2. gr., er bundinn við, breytt þannig að hann stækki um meira en 2,5 brúttótonn er óheimilt að gefa út grásleppuveiðileyfi til hans, nema til bátsins hafi verið fluttur réttur til grásleppuveiða af öðrum báti sem er a.m.k. jafnstór í brúttótonnum talið og sú stækkun sem er umfram 2,5 brúttótonn og af breytingunni leiðir.

Fiskistofu er óheimilt að gefa út grásleppuveiðileyfi til báts sem hefur verið stækkaður þannig að hann mælist stærri en 15 brúttótonn.

5. gr.

Flutningur á rétti til að öðlast grásleppuveiðileyfi.

Fiskistofu er heimilt að flytja rétt til grásleppuveiða milli báta að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- Bátur, sem réttur er fluttur frá, hafi nýtt réttinn í a.m.k. eina vertíð.
- Bátur sem réttur er fluttur til hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni.
- Bátur, sem réttur er fluttur til sé ekki meira en 2,5 brúttótonnum stærri en sá bátur sem réttur er fluttur frá. Óheimilt er að flytja rétt til grásleppuveiða til báts sem er stærri en 15 brúttótonn.
- Með beiðni um flutning fylgi skrifleg staðfesting eigenda báts, sem réttur er fluttur frá.

Við sölu báts, sem hefur rétt til grásleppuveiða, fylgir rétturinn bátnum nema um annað sé samið í kaupsamningi eða afsali. Hafi seljandi báts tekið fram í kaupsamningi eða afsali, að rétturinn fylgi ekki með við söluna, hefur seljandinn heimild til að flytja hann á annan bát, að uppfylltum öðrum skilyrðum þessarar reglugerðar.

Tilkynna skal til Fiskistofu, innan 30 daga, fylgi réttur til grásleppuveiða ekki báti við sölu hans. Nýti seljandi ekki heimild 1. mgr. til að flytja réttinum á annan bát, næstu tvær vertíðir frá sölu bátsins, fellur rétturinn niður. Sama gildir ef almennt leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni er fellt úr gildi. Ákvæði þessarar greinar taka einnig til þess þegar bátur er tekinn af skipaskrá Siglingastofnunar Íslands, eftir því sem við á.

6. gr.

Önnur skilyrði.

Eingöngu er heimilt að nota við hrognkelsaveiðar þann bát, sem tilgreindur er í veiðileyfi. Um hrognkelsaveiðar krókabáta víast til reglna um veiðar krókaflamarksbáta. Bátum sem hafa leyfi til veiða með krókaflamarki er óheimilt að stunda í sömu veiðiferð veiðar á grásleppu eða rauðmaga og veiðar með línu og/eða handfærum. Óheimilt er að hafa net til hrognkelsaveiða um borð í báti nema á þeim tíma er hrognkelsaveiðar eru stundaðar.

II. KAFLI

Tilhögun veiða.

7. gr.

Veiðitími.

Óheimilt er að leggja grásleppunet fyrir kl. 08.00 fyrsta dag veiðitímabils. Skylt er að draga öll grásleppunet, sbr. 10. gr., úr sjó fyrir lok leyfistímabils, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr.

Óheimilt að hefja veiðar með yfirtöku hrognkelsaneta í sjó. Merking veiðarfæra skal að fullu frágengin í landi áður en veiðar með hrognkelsanetum hefjast.

8. gr.

Vitjun neta.

Grásleppunet skulu dregin eigi síðar en 4 sólarhringum eftir að þau eru lögð í sjó. Frá þessu má aðeins víkja ef veður hamrar sjósókn með þeim hætti að ekki reynist unnt að vitja neta og skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu liggi grásleppunet viðkomandi skips lengur en 8 sólarhringa án þess að hafa verið dregin.

9. gr.

Netalagnir.

Að hámarki er hverjum bát heimilt að hafa 200 net í sjó. Takmörkun þessi miðast við 60 faðma áfellda slöngu. Sé notuð 120 faðma áfelld slanga er heimilt að vera með helmingi færri net í sjó en að framan greinir.

Óheimilt er að stunda veiðar með rauðmaganetum, sbr. 10. gr. frá 15. júní til 31. desember ár hvert.

Óheimilt er að stunda á sama tíma veiðar á grásleppu og netaveiðar á þorskfiski og skötusel.

Frá 1. apríl til 14. júlí má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 metra frá stórstraumsfjöruborði, sbr. lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Óheimilt er að stunda veiðar með netum fyrir 7. maí innan svæðis sem afmarkast af eftirfarandi punktum:

1. 64°40,2920' - N 022°26,3902' V
2. 64°37,4641' - N 022°35,4167' V
3. 64°25,3248' - N 022°20,1542' V
4. 64°24,3236' - N 022°06,3790' V
5. 64°28,5891' - N 022°05,6104' V

10. gr.

Netamöskvi.

Óheimilt er að nota til grásleppuveiða net með minni möskva en 10,5 þumlunga (267 mm). Þá er óheimilt að nota til grásleppuveiða net með stærri möskva en 11,5 þumlunga (292 mm).

Óheimilt er að nota til rauðmagaveiða net með minna en 7 þumlunga (178 mm) möskva og net dýpri en 20 möskva. Þá er óheimilt að nota til rauðmagaveiða net með stærri möskva en 8 þumlunga (203 mm).

11. gr.

Merking lagna.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og allar merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála umdæmisnúmer eða skipaskrárnúmer þess skips, sem notar netin. Auk þessa skulu allir belgir merktir með umdæmisnúmeri eða skipaskrárnúmeri þess skips, sem notar þá. Merkingar á baujuflöggum og belgjum skulu vera greinilegar og skulu stafir stórir og skýrir. Allar niðurstöður skulu, með varanlegrí merkingu, vera greinilega merktar umdæmisnúmeri eða skipaskrárnúmeri þess skips sem þær notar.

Skylt er að númera netatrossur sem hver bátur á í sjó frá einum til þess fjölda trossa, sem hann á í sjó. Númer netatrossu skal skráð skýrum tölustöfum á baujuflagg á báðum endum trossu.

12. gr.

Bann við veiðum á botnfiski með grásleppunetu.

Óheimilt er að stunda veiðar á botnfisktegundum með grásleppu- og/eða rauðmaganetum. Verði um óeðlilega veiði á skötusel að ræða þannig að magn skötusels í þorskígildum talið sé ítrekað svipað eða meira en magn grásleppu- og/eða rauðmagaaflangs í þorskígildum talið er Fiskistofu heimilt að svipta viðkomandi skip leyfi til grásleppu- og/eða rauðmagaveiða.

III. KAFLI

Eftirlit, viðurlög o.fl.

13. gr.

Veiðiskýrslur.

Allir þeir, sem hrognkelsaveiðar stunda, skulu senda Fiskistofu skýrslur um veiðarnar á formi sem Fiskistofa lætur í té.

Nr. 106

6. febrúar 2013

14. gr.

Veiðieftirlit.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skyldt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þeir telja nauðsynlegar.

15. gr.

Refsingar og viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

Fiskistofu er jafnframt heimilt að svipta báta heimild til veiða á grásleppu eða rauðmaga í tiltekinn tíma vegna brota á reglum um hrognkelsaveiðar, sbr. ákvæði laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

16. gr.

Gildistaka. Brottfall eldri reglna.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og lögum nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð um hrognkelsaveiðar nr. 165/2012, með síðari breytingum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 6. febrúar 2013.

F. h. r.

Ingvi Már Pálsson.

Hrefna Karlsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. febrúar 2013